



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**111. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 11. nóvember 2022
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Valdimar Birgisson, Ásgeir Sveinsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Helga Jóhannesdóttir, Björg Fenger, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Ingvar Arnarson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Stefán Már Gunnlaugsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Lís Sigurðardóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Pawel Bartoszek og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Dagskrá:

Pawel Bartoszek setti fund og stýrði.

1. Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu - Sóknaráætlun 2021 - 2112008

Kynning á sóknaráætlunarverkefninu: Útivistarsvæði á höfuðborgarsvæðinu, sem er áhersluverkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 - 2024. Verkefnið fellur einnig að framkvæmd leiðarljós 4 í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, heilnæmt umhverfi. Erindið er hluti af áherslum svæðisskipulagsnefndar 2022-2026 sem voru samþykktar á 110. fundi nefndarinnar.

Einnig lagt fram til kynningar gögn sem hafa þegar verið unnið á vettvangi verkefnis.

Gestir

Daði Baldur Ottósson, samgönguverkfræðingur, EFLA - 13:30

Kynnt og rætt.

2. Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur - 2005005

Stöðukynning. Á 91. fundi var samþykkt að hefja verkefnið með samþykki starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Verkefnið er unnið í samvinnu við Skipulagsstofnun og er hluti af framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040 og breytingu á svæðisskipulagi sem var samþykkt 2018.

Gestir

Magnea Guðmundsdóttir, arkitekt, Teiknistofan Stika - 13:50

Kynnt og rætt.

3. Samgöngu- og þróunaráð Garðabæ - Þróunarsvæði A og



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hafnarfjarðarvegur - 2209013

Á 110. fundi var ofangreint tekið fyrir og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Vísað til umsagnar svæðisskipulagsstjóra.

Fyrirliggjandi er umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 11. nóvember 2022.

Samþykkt

4. Græni stígurinn - Ályktun frá Skógræktarfélagi Ísl. - 1701003

Ofangreint var tekið fyrir á 110. fundi og eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Lagt til að umræða um stíga og græna trefilinn fari fram á næsta fundi nefndarinnar. Lagt fram til kynningar.

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 11. nóvember 2022 um skipulagslega stöðu græna stígsins og græna trefilsins í svæðisskipulagi og gildandi aðalskipulag sveitarfélaganna.

Svæðisskipulagsnefnd felur svæðisskipulagsstjóra að hefja undirbúning að erindi til sveitarfélaganna um mögulegt samstarf um skipulag og uppbyggingu græna stígsins. Jafnframt að skoðað verði fá forgreiningu á umfangi, kostnaði og utanumhaldi verkefnisins.

5. Svæðisskipulagsnefnd - fundir nefndarinnar - áherslur 2022-2026 - Leiðarljós 4 heilnæmt umhverfi - 2003003

Fyrirliggjandi er minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 11. nóvember 2022 vegna ofangreinds. Erindið er hluti af samþykktum áherslum svæðisskipulagsnefndar 2022-2026 sem voru samþykktar á 110. fundi nefndarinnar.

Lagt fram til kynningar

6. Önnur mál - 2003003

Svæðisskipulagsnefnd þakkar umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur og starfsfólki umhverfis- og skipulagssviðs fyrir góðar móttökur og áhugaverðar kynningar og umræður á seinasta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:05.